



Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 29. október 2021
Tilv.: SRN21050071/3.14.0

Kæru þátttakendur,

sunnudaginn 21. nóvember 2021, verður haldinn hátíðlegur hér á landi alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Daginn sem jafnan er haldinn þriðja sunnudag í nóvember notum við til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni, leiða hugann að ábyrgð hvers og eins í umferðinni, en ekki hvað síst til að þakka þeim viðbragðsaðilum sem veita hjálp og björgun. Nærri lætur að 4.000 einstaklingar láti lífið og hundruð þúsunda slasast daglega í umferðinni í heiminum.

Í fyrra var minningardagurinn sniðinn að sérstökum aðstæðum í samfélaginu. Meðal annars var ekki haldin minningarstund við þýrlupallinn við Landspítalann í Fossvogi. Þess í stað var árvekniátak í samfélaginu. Í ár munum við halda minningardaginn hátíðlegan með minningarstund í Fossvoginum. Árvekniátakið í fyrra tókst ákaflega vel. Við munum því endurtaka það dagana 19.-21. nóvember 2021. Minningarviðburðir verða um land allt og fjallað um mikilvæg málefni tengd umferðaröryggi í fjölmiðlum, myndböndum og umræðum á samfélagsmiðlum.

Eins og í fyrra verður einkennislag dagsins lag Kristjáns Kristjánssonar, KK, *When I think of angels*, í flutningi hans og systur hans Ellenar Kristjánsdóttur. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992. Lagið verður flutt samtímis á öllum útvarpsstöðvum á minningardaginn sjálfan kl. 14:00.

Að þessu sinni verður dagurinn helgaður notkun bílbelta. Viðtöl verða í fjölmiðlum í tengslum við þennan mikilvæga þátt umferðaröryggis.

Á minningardaginn sjálfan munu félagar í Slysavarnarfélaginu landsbjörgu, ásamt fleiri viðbragðsaðilum, standa fyrir táknrænum minningarathöfnum um allt land í beinni vefútsendingu til að minnast fórnarlamba umferðarslysa. Kveikt verður á kertum hringinn í kringum landið af þessu tilefni.

Einn stærsti og mikilvægasti þátturinn á minningardeginum er að færa starfsstéttum, sem annast björgun og aðhlynningu þegar umferðarslys verður, þakkir fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir framlag ykkar og þátttöku í minningardegi undanfarinna ára. Við vitum að þið munið hér eftir sem hingað til gera allt sem í ykkar valdi stendur til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðarslysum.

Ég óska okkur öllum góðs gengis við að auka öryggi í umferðinni.

Með kærri kveðju

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Ingi Jóhannsson', is positioned above the printed name.

Sigurður Ingi Jóhannsson
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra